

**39. fundur Atvinnu- og hafnarnefnd haldinn Strandgötu 38, miðvikudaginn 1.
febrúar 2023
og hófst hann kl. 17:30.**

Fundinn sátu:

Ásgeir Jónsson (ÁJ), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Fjölur Freysson (FF) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, hafnarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkominn og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fund nr. 39 lögmætan.

Jón Ingi Jónsson boðaði forföll og sat Fjölur Freysson fundinn í hans stað.

Formaður óskaði eftir heimild til afbrigða við dagskrá þannig að auglýsing frá Fiskeldissjóði yrði lögð fram til kynningar með málnúmerið 2302001. Var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Rekstur tjaldsvæðis 2023 - 2301026

Mál frá 605. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 10.01.2023 þar sem atvinnu- og hafnarnefnd er falið að undirbúa útboð á rekstri tjaldssvæðis á Tálknafirði og skila tillögum þess efnis fyrir síðari reglubundna fund sveitarstjórnar í febrúar sem fer fram 28.02.2023.

Atvinnu- og hafnarnefnd samþykkir samhljóða að fela starfsmanni ásamt formanni nefndarinnar að vinna tillögu að útboðslýsingu og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar. Nefndin telur ljóst að ekki næst að skila tillögu til sveitarstjórnar fyrir síðari fund hennar í febrúar og óskar því eftir að fá frest fram til fyrri fundar sveitarstjórnar í mars 2023 til að skila tillögum sínum.

2. Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar - 2110201

Mál frá 38. fundi Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 04.01.2023.

Atvinnu- og hafnarnefnd leggur áherslu á að vinna við framtíðarskipulag starfsmannamála við Tálknafjarðarhöfn verði hraðað og tillögur lagðar fyrir nefndina til umfjöllunar sem fyrst.

3. Fiskeldissjóður 2023 - 2302001

Auglýsing Fiskeldissjóðs lögð fram þar sem auglýst er eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2023. Fram kemur að til úthlutunar á árinu 2023 séu kr. 247.700.000,- og frestur til 20.02.2023 til að skila umsóknum.

Atvinnu- og hafnarnefnd telur rétt að sótt sé um styrk til að vinna síðari hluta verkefnis á hafnarsvæði Tálknafjarðarhafnar sem hlaut styrk á árinu 2022. Þá vill nefndin benda á að uppbygging og frágangur á geymslusvæði í Hrafnadal væri kjörið verkefni til að sækja um fyrir.

4. Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023 - 2301004

Atvinnu- og hafnarnefnd samþykkir að næsti fundur nefndarinnar samkvæmt fundardagatali færist til miðvikudagsins 08.03.2023 og hefjist kl. 17:30.

Farið yfir stöðu á framkvæmdum við rafmagnshús á hafskipahöfn. Nefndin telur mikilvægt að undirbúningur og útboð á næstu áföngum verkefnisins fari fram sem fyrst og felur hafnarstjóra að fylgja því eftir.

5. Fundargerðir 2022 Hafnasamband - 2202145

Fundargerð 448. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands sem fór fram 16.12.2022.

Lagt fram.

6. Fundargerðir 2023 Hafnasamband - 2301083

Fundargerð 449. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands sem fór fram 20.01.2023.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15.

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Fjölfnir Freysson (FF)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)